

Minnisblað um áherslur meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar um samgönguáætlun.

(149. löggjafarþing)

Umhverfis- og samgöngunefnd hefur 172. mál, um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019–2023, og 173. mál, um samgönguáætlun fyrir árin 2019–2033, til umfjöllunar. Málunum var vísað til nefndarinnar 11. október í haust.

Nefndin hefur tekið á móti fjölda gesta við meðferð málsins og hafa verið reifuð ýmis sjónarmið er varða samgönguáætlun. Gestir voru einróma í þeirri afstöðu að gera þyrfti átak í vegaframkvæmdum um allt land, viðhaldi og nýframkvæmdum í öllum flokkum vega. Uppsafnaður vandi væri mikill og brýnt að framkvæmdahraði yrði meiri en áætlað er í samgönguáætlun. Meiri hlutinn telur brýnt að brugðist verði hratt við þeim vanda sem safnast hefur upp undanfarin ár og unnið verði markvisst að því að bæta vegakerfið og samgöngur eins hratt og kostur er með tilliti til hagkvæmni og öryggissjónarmiða.

Samgönguáætlun er nú lögð fram fullfjármögnuð í samræmi við samþykktu fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Ljóst er að samgönguáætlun eru ætlaðir afmarkaðir fjármunir, nánar tiltekið 190 milljarðar, þar af 160 milljarðar í viðhald og vegaframkvæmdir næstu fimm ár. Framkvæmdir og framkvæmdahraði taka mið af því. Svo að unnt verði að hraða framkvæmdum án skuldsetningar ríkissjóðs verður því að finna aðrar leiðir til fjármögnunar. Meiri hluti gesta sem komu fyrir nefndina tók vel í hugmyndir um gjaldtöku á vegum og við samgöngumannvirki ef slíkt gæti hraðað framkvæmdum.

Nýjar fjármögnunarleiðir – gjaldtaka.

Nefndin hefur rætt að unnið verði að útfærslu nýrra fjármögnunarleiða með það að markmiði að flýta framkvæmdum sem gert er ráð fyrir í áætluninni og skapa fjárhagslegt rými fyrir nýjar framkvæmdir. Þá verði jafnframt að horfa til þess að með orkuskiptum í samgöngumálum þarf að fara fram heildarendurskoðun á almennri gjaldtöku enda munu tekjur ríkisins af olíu- og bensingjaldi lækka og að endingu hverfa. Þær fjármögnunarleiðir sem hafa verið til umræðu af hálfu meiri hlutans í nefndinni eru byggðar á þrenns konar forsendum:

1. Gjaldtaka á þremur meginstofnæðum — Reykjanesbraut að Keflavíkurflugvelli, Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi — á leið frá höfuðborgarsvæðinu. Markmið gjaldtöku á þessum leiðum er að flýta framkvæmdum eins og skipulag og undirbúningur leyfa, og að gera stofnæðarnar enn betur úr garði en gert er ráð fyrir í núverandi áætlunum með mislægum gatnamótum og lengri 2+2-köflum. Til að hefja framkvæmdir þarf að tryggja hagstæða lántöku sem greidd verður með veggjöldum. Innheimtu þeirra verði hætt um leið og framkvæmdirnar verða greiddar upp að fullu.

2. Ákveðnar leiðir á landsbyggðinni sem stytta vegalengdir verði fjármagnaðar með blandaðri fjármögnun; að hluta með fjárframlögum af samgönguáætlun og að hluta með lántöku sem verði greidd upp með gjaldtöku. Gjaldtöku verði hætt þegar lán verður greitt upp.

3. Innheimt verði veggjald í jarðgöngum á Íslandi. Gjaldtöku í jarðgöngum verði ætlað að standa undir þjónustu og rekstri jarðganga og einnig hlut í nýbyggingu þeirra. Gjaldtakan verði liður í nýrri jarðgangaáætlun sem verði hluti af samgönguáætlun með það að markmiði að ekki verði hlé á uppbyggingu jarðganga á Íslandi. Í þeirri áætlun verði jafnframt tilgreint hvaða jarðgöng falla undir gjaldtöku og hversu lengi.



19. desember 2018

Ekki er gert ráð fyrir því að fjárframlög ríkissjóðs til samgönguframkvæmda lækki vegna gjaldtökunnar en með fjölbreyttari fjármögnunarmöguleikum verður til svigrúm til að flýta öðrum samgöngubótum. Í vinnu sinni hefur meiri hlutinn lagt áherslu á að það svigrúm sem myndast verði nýtt til að flýta tilteknum framkvæmdum í samræmi við markmið samgönguáætlunar og til að auka fé til viðhalds og framkvæmda á tengivegum og styrkvegum.

Samhliða vinnu við gerð samgönguáætlunar skipaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra starfshóp sem var falið að leggja fram tillögur um hvernig flýta mætti uppbyggingu góðra og öruggra samgöngumannvirkja hér á landi. Í þeirri vinnu er gjaldtaka af umferð á vegum til skoðunar, bæði almenn gjaldtaka og sértæk við einstök mannvirki. Skýrslu hópsins er að vænta í janúar. Þá áætla samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að leggja fram frumvarp um gjaldtöku í samgöngum í marsmánuði. Meiri hlutinn leggur áherslu á að ráðherra taki mið af þeim áherslum sem kynntar verða í nefndarálitum um málið hvað varðar leiðir til fjármögnunar, hvaða framkvæmdir verði fjármagnaðar með gjaldtöku og hvaða framkvæmdum verði flýtt. Nánari útfærsla á gjaldtöku í vegakerfinu mun birtast í því frumvarpi sem lagt verður fram á Alþingi í mars. Við endurskoðun almennrar gjaldtöku þarf að taka mið af því að sérstaka gjaldtakan auki ekki álögur á bifreiðaeigendur umfram ábatann af bættu umferðarflæði. Frumvarpinu verður vísað til umhverfis- og samgöngunefndar. Líkt og önnur frumvörp verður það sent til umsagnar og gefst hagaðilum þá færi á að koma athugasemdum sínum og ábendingum til nefndarinnar.

Samgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Í lok nóvember skilaði verkefnishópur um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu tillögum í skýrslu til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Í skýrslunni er horft til allra samgöngumáta á höfuðborgarsvæðinu og tenginga höfuðborgarsvæðisins í heild sinni. Verkefnishópurinn leggur áherslu á að uppbygging hágæðaalmenningssamgangna verði framar í forgangsrið samgönguáætlunar, hugað verði sérstaklega að greiðu og öruggu flæði einka- og þungaumferðar á meginstofnvegum höfuðborgarsvæðisins og sömuleiðis að uppbyggingu göngu- og hjólastíga. Meiri hlutinn leggur áherslu á mikilvægi þess að efla samgönguása á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. fyrrgreindar þrjár stofnleiðir í samgöngum.

Flug.

Í umsögnum um málið hafa flugrekendur og aðrir hagaðilar lýst yfir miklum áhyggjum af flugöryggi í millilandaflugi í ljósi ört vaxandi flugumferðar og stöðu millilandaflugvalla landsins. Viðhald og nýframkvæmdir á flugvöllum innan lands hafa setið á hakanum og landingarstöðum verið lokað. Starfshópur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um eflingu innanlandsflugs og rekstur flugvalla skilaði tillögum sínum í byrjun desember og er nefndin með þær tillögur til skoðunar og þá einkum tvær þeirra. Annars vegar að Reykjavíkflugvöllur, Akureyrarflugvöllur og Egilsstaðaflugvöllur verði ásamt Keflavíkflugvelli skilgreindir sem kerfi flugvalla með sameiginlegum kostnaðargrunni og Isavia falin fjárhagsleg ábyrgð á rekstri, viðhaldi og uppbyggingu þeirra. Hins vegar hefur nefndin skoðað möguleika þess að flugfarmiðar íbúa með lögheimili á nánar tilgreindum svæðum á landsbyggðinni verði niðurgreiddir líkt og lagt er til í skýrslunni.

Endurskoðun samgönguáætlunar.

Samkvæmt lögum um samgönguáætlun, nr. 33/2008, skal leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun á að minnsta kosti þriggja ára fresti. Hins vegar er ljóst að þörf er á samgöngubótum um land allt. Sömuleiðis þarf að ráðast í vinnu við útfærslu á samningi um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Þá hefur verið boðað frumvarp samgöngu- og sveit-



19. desember 2018

arstjórnarráðherra um gjaldtöku í samgöngum sem ætlað er að fylgja eftir stefnu um framtíðar-
fjármögnun vegakerfisins. Í ljósi alls þessa telur meiri hlutinn eðlilegt að ný samgönguáætlun
verði lögð fram fyrir en að þremur árum liðnum.